


Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar

2021-2024





Efnisyfirlit

1. Greinargerð bæjarstjórnar	5
2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021-2024	6
2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar.....	6
2.2. Fjárfestingaráætlun	11
2.3. Lykiltölur fyrir 2021 – 2024	13
3. Fjölskyldusvið.....	14
3.1. Félagsþjónusta.....	14
3.2. Barnavernd.....	15
3.3. Þjónusta við aldraða.....	15
4. Fræðslumál	15
4.1. Leikskólar í Vesturbyggð.....	16
4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð.....	16
4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar.....	17
5. Æskulýðs- og íþróttamál	17
5.1. Félagsmiðstöðvar	18
5.2. Íþróttamannvirki	18
5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála	19
6. Menningar- og safnamál.....	19
6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð	19
6.2. Skjaldborgarbíó	19
6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð	19
6.4. Vatneyrbúð á Patreksfirði.....	20
6.5. Muggsstofa á Bíldudal	20
6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti	20
6.7. Styrkir og framlög.....	20
7. Brunamál og almannavarnir	21
7.1. Slökkvilið.....	21
7.2. Almannavarnir	21
8. Umhverfis- og framkvæmdasvið.....	22
8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.....	22



Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

8.2. Refa- og minkaeyðing.....	22
8.3. Heilbrigðis- og dýraeftirlit	22
8.4. Umhvefismál.....	23
8.5. Þjónustumiðstöðvar/áhaldahús.....	23
8.6. Hreinlætismál.....	23
8.6. Eignasjóður	24
8.7. Framkvæmdir.....	24
8.6. Veitur Vesturbyggðar.....	25
8.7. Fasteignir Vesturbyggðar.....	25
9. Fjármála- og stjórnsýslusvið.....	25
9.1. Stjórnsýsla, gæðamál og þjónusta.....	26
9.2. Mannauðs- og kjaramál.....	26
9.3. Upplýsingatæknimál og persónuvernd.....	27
9.4. Upplýsinga- og kynningarmál.....	27
9.5 Atvinnumál	28
10. Hafnir Vesturbyggðar	28
10.1. Almennt um hafnarsjóð Vesturbyggðar	28
10.2. Framkvæmdir við hafnamannvirki.....	28
11. Skipulags- og byggingamál.....	29
11.1. Skipulagsmál.....	29
11.2. Byggingamál og lóðaúthlutanir.....	30
12. Samantekinn A hluti	31
12.1. Rekstrarreikningur	31
12.2. Efnahagsreikningur	32
12.3. Sjóðstreymi	33
13. Samantekinn A og B hluti	34
13.1. Rekstrarreikningur	34
13.2. Efnahagsreikningur	35
13.3. Sjóðstreymi	36
14. Sundurliðanir 2021	37
14.1. Málaflokkayfirlit 2021	37



Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

14.2. Efnahagsyfirlit 2021.....	38
14.3. Sjóðstremmisyfirlit 2021.....	39
15. Sundurliðanir 2022	40
15.1. Málflokkayfirlit 2022	40
15.2. Efnahagsyfirlit 2022.....	41
15.3. Sjóðstremmisyfirlit 2022.....	42
16. Sundurliðanir 2023	43
16.1. Málflokkayfirlit 2023	43
16.2. Efnahagsyfirlit 2023.....	44
16.3. Sjóðstremmisyfirlit 2023.....	45
17. Sundurliðanir 2024	46
17.1. Málflokkayfirlit 2024	46
17.2. Efnahagsyfirlit 2024.....	47
17.3. Sjóðstremmisyfirlit 2024.....	48
18. Gjaldskrár 2021	48



1. Greinargerð bæjarstjórnar

Undirbúningur og vinna við fjárhagsáætlun 2021-2024 fór fram með nokkuð breyttu sniði vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins, en allir vinnufundir bæjarstjórnar um áætlunina fóru fram í gegnum fjarfundi, á samtals 9 fundum.

Undirbúningur áætlunarinnar hófst í júní 2020 þegar bæjarráð staðfesti á 896. fundi sínum reglur um fjárhagsáætlunarferli vegna áætlunar 2021-2024. Mestur þungi vinnunar fór fram í september, október og nóvember. Leitað var til íbúa í gegnum vefinn betraisland.is og óskað eftir hugmyndum varðandi rekstur, hagræðingu, útgjöld, fjárfestingar og viðhald. Margar gagnlegar ábendingar bárust Vesturbyggð og er fjallað um nokkrar þeirra í fjárhagsáætlun ársins 2021. Bæjarstjórn Vesturbyggðar vill þakka íbúum öllum kærlega fyrir ábendingarnar.

Fjárhagsáætlun 2021-2024 tekur mið af þeirri fordæmalausu stöðu sem uppi er vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Veruleg tekjuskerðing er áætluð á árinu 2021, m.a. vegna skertra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og lægri rekstrartekna sem rekja má beint til áhrifa kórónuveirufaraldursins. Ráðist var í verulegan niðurskurð á árinu 2020 og mitt í þeirri vegferð, fór sveitarfélagið Vesturbyggð inn í þá flóknu og erfiðu tíma sem kórónuveirufaraldurinn hefur haft í för með sér fyrir rekstur sveitarfélagsins, líkt og annarra sveitarfélaga hringinn í kringum landið. Lögð er rík áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins, með áherslu á fræðslu, uppeldis og æskulýðsmál. Prátt fyrir að tekjur sveitarfélagsins dragist saman á næsta ári, þá gerir bæjarstjórn ekki ráð fyrir að draga úr nauðsynlegri fjárfestingu. Ástæða þeirrar ákvörðunar er í fyrsta lagi til að tryggja áframhaldandi framþróun sveitarfélagsins sem er nú í örum vexti og í öðru lagi til að veita nauðsynlega viðspyrnu fyrir samfélagið í heild sinni til að takast á við tímabundin áhrif kórónuveirufaraldursins. Að mati bæjarstjórnar Vesturbyggðar mun áhersla á aukna fjárfestingu á árinu 2021 auka enn frekar getu sveitarfélagsins til framtíðar og styrkja stöðu Vesturbyggðar til að takast á við enn frekari vöxt, atvinnuuppbryggingu og fjölgun íbúa.

Það er von bæjarstjórnar Vesturbyggðar að hér sé komin fram áætlun sem sýni raunverulegan rekstur sveitarfélagsins á árinu 2021 sem og mælt sé fyrir um framkvæmdir sem raunhæft er að unnt verði að ráðast í á næsta ári. Þá er í áætluninni að finna áætlun fyrir árin 2022, 2023 og 2024 og áætlun um helstu fjárfestingar til næstu ára, sem markar stefnu sveitarfélagsins til þeirrar öflugu framtíðaruppbryggingar sem fyrirhuguð er í Vesturbyggð.

Fjárhagsáætlun sú sem hér er lögð fram gerir ráð fyrir að heildartekjur A- hluta á árinu 2021 verði 1,2 milljarður króna og heildarútgjöld án afskrifta og fjármagnskostnaðar verði jafnframt 1,2 milljarður króna.

Í samstæðunni í heild sinni er gert ráð fyrir að heildartekjur verði 1,6 milljarður króna en heildarútgjöld verði 1,4 milljarður króna fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afskriftir eru áætlaðar 81 milljón og



Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

fjármagnsliðir 110 milljónir. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs og stofnana er því áætluð að verða neikvæð uppá 29,5 milljónir á árinu 2021.

Lántökur vegna fjárfestinga er eðlilegur hluti af rekstri sveitarfélagsins og í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir 416 millj. kr. í lántöku. Þar af eru áætlaðar rúmlega 250 millj. kr. til að standa undir nauðsynlegum fjárfestingaverkefnum næsta árs og þá eru afborganir langtímalána áætlaðar á árinu 2021 samtals 179 millj. kr.

2. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2021-2024

Hér er fjallað um þær helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlun fyrir árin 2021 – 2024. Útgönguspá ársins 2020 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun skatttekna.

2.1. Forsendur fjárhagsáætlunar


Verðlagsforendur

Í fjárhagsáætluninni er tekið mið af almennum forsendum samkæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2020 um að almenn verðlagsbreyting verði 2,7% á milli áranna 2020 og 2021, en almenn nafnverðshækjun launa verði um 5,6% á milli sömu ára. Jafnframt er tekið tillit til ákvæða í lífskjarasamningi um að þjónustugjöld á íbúa hækki ekki umfram 2,5% hámark á árinu 2021.

Við gerð áætlunarinnar fyrir árin 2021-2024 var stuðst við spá um þróun verðlags milli hvers árs en áhrifin aðeins reiknuð á rekstrarliði. Priggja ára áætlunin byggir því á magnbreytingum, fjölgun íbúa og framlög Jöfnunarsjóðs muni jafna sig á tímabilinu og tekjur vegna skemmtiferðaskipa aukist á ný. Þá er gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarkostnaði um 2% á árinu 2022, sem unnið verður að á árinu 2021. Að öðru leyti er gert ráð fyrir föstu verðlagi á öðrum þáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði. Afskriftir eru reiknaðar m.v. þróun eigna og fjárfestinga.



Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Skattekjur

Fjárhagsáætun 2021 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 1.029 millj. kr. Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar er gerð grein fyrir einstökum liðum skatttekna hér að neðan:


Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%, sem er leyfilegt hámarksútvarts. Samkvæmt 1. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, er útsvar einn af mikilvægustu tekjustofnum Vesturbyggðar. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu þeir sem skattskyldir eru skv. lögum um tekuskatt nr. 90/2003 greiða útsvar af tekjum sínum til Vesturbyggðar og fellur það óskipt til sveitarfélagsins. Útsvarið er greitt til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi einstaklingur átti lögheimili á árinu og er því mikilvægt að þeir sem búa og starfa í Vesturbyggð séu með skráð lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Við áætlun útsvarstekna fyrir árið 2021 er tekið mið af áætlunum hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga ásamt íbúaþróun í Vesturbyggð.

Fjárhagsáætlunin 2021 gerir ráð fyrir að útsvarstekjur verði 615 millj. kr. boríð saman við 605 millj. kr. í áætlun ársins 2020.

Íbúar í Vesturbyggð voru 1.021 þann 1. janúar 2020 en voru 18. nóvember 2020 samtals 1.062 talsins. Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir 1,8% fjölgun íbúa í Vesturbyggð, þannig að í lok árs 2021 verði íbúar komnir í 1.080 talsins.

Þróun útsvars í Vesturbyggð hefur vakið nokkurra athygli þar sem það virðist ekki hækka til samræmis við fjölgun íbúa. Ekki er ljóst hvað veldur en fylgst er grant með þróun útsvarsins frá mánuði til mánaðar.



Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að laun í Vesturbyggð hækki í samræmi við almenna launaþróun eða um 5,6 % frá árinu 2020.

Fasteignaskattur og lóðaleiga.

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir óbreyttum álagningastuðli fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði og er hann áfram 0,45% af fasteignamati, en bæjarstjórn Vesturbyggðar lækkaði álagningarstuðulinni síðast á árinu 2019. Óbreytt eru önnur álagningahlutföll á atvinnuhúsnæði og lóðaleigu.

Fasteignaskattur er áætlaður 71,6 millj. kr. en var skv. fjárhagsáætlun 2020 samtals millj. kr. Hækkun á fasteignaskatti milli ára skýrist m.a. af hækkun fasteignamats í Vesturbyggð sem hækkaði um 4,3% á milli ára. Á Patreksfirði nemur hækkun á sérþýli um 7% og er meðalverð á m² fyrir sérþýli nú 103.000 kr. Á Bíldudal nemur hækkun á sérþýli 6,5% og er meðalverð á sérþýli 97.000 kr. Áfram eru veittir afslættir af fasteignaskatti til eldri borgara og öryrkja samkvæmt ákveðnu tekjuviðmiði sem hækkar um 5,6 % á milli ára.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er jöfnunarsjóður einn þriggja megininstofna sveitarfélaga og er mikilvægur þáttur í fjármögnum sveitarfélaga, en hlutverk sjóðsins er að jafna mismunandi útgjaldajörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum. Framlög sjóðsins skiptast í sérstök framlög, tekjujöfnunarframlag, útgjaldajöfnunarframlag, jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlags vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga vegna m.a. fasteignagjalda. Útgjaldajöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu




tilliti til þeirra þátta sem hafa áhrif á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli og fleiri þættir sem breytilegir geta verið milli sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlun 2021 byggir á áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en um 30% af tekjum Vesturbyggðar koma í gegnum Jöfnunarsjóð. Gert er ráð fyrir að framlög sjóðsins verði 317 millj. kr. á árinu 2021. Framlög voru áætluð á árinu 2020 376 millj. kr. en voru skert og nema framlög til Vesturbyggðar aðeins 338 millj. kr. á árinu 2020 skv. áætlun Jöfnunarsjóðs. Helstu skýringar fyrir lækkun framlaga á árinu 2020 eru áhrif kórónuveirufaraldursins á tekjur ríkissjóðs sem hefur áhrif á tekjur Jöfnunarsjóðs. Tekjur Vesturbyggðar af framlögum Jöfnunarsjóðs dragast því verulega saman en framlögin námu 424 millj. kr. á árinu 2018, en hafa svo lækkað árlega.

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Samtals framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	299.756	349.335	379.692	424.399	371.892	338.066	317.102

Þróun skatttekna 2019-2024



Aðrar fasteignatengdar tekjur

Vatnsveita

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur vatnsveitna verði 44 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 41,7 millj. kr.



Fráveita

Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun að tekjur frá fráveitu verði 31,2 millj. kr. en heildarútgjöld eru áætluð 32,2 millj. kr.

Gjaldskrár

Almenn hækkun á gjaldskrám Vesturbyggðar er 2,5% og tekur mið af yfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2022, þar sem mælt er fyrir um að gjaldskrár hækki ekki umfram 2,5% milli ára. Spá um verðlagsþróun á milli ára er 2,7% hækkun en nokkrar gjaldskrár Vesturbyggðar eru bundnar vísitölu.


Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2021 byggar á áætlunum stjórnenda, en við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningasamninga. Laun og launatengd gjöld eru áætluðum 860 millj. kr. hjá samstæðu A- og B-hluta Vesturbyggðar á árinu 2021.

Almennir rekstrarliðir

Samkvæmt áætluninni er annar rekstrarkostnaður fyrir A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar, fyrir utan afskriftir, samtals 533 millj. kr. á árinu 2021.

Próun rekstrarkostnaðar, lífeyrissjóðsskuldbindinga og laun og launatengd gjöld 2019-2024



Afskriftir

Afskriftir fastafjármánu eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðann líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.




Fjármagnsliðir

Verðbólga er áætluð 2,7% á árinu 2021 og svo er gert ráð fyrir um 2,6% verðlagshækkun fjármagnsliða á árinu 2022, og 2,5% árin 2023 og 2024 í samræmi við þjóðhagspá Hagstofu Íslands.

Lántaka

Samkvæmt áætluninni er hluti af fjárfestingum Vesturbyggðar á árinu 2021 fjármagnaður með langtímalánum. Lántaka hjá Ofanflóðasjóði tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir á Patreksfirði. Afborganir langtímalána á árinu 2021 eru áætlaðar 179 millj. kr. og nýjar lántökur 416 millj. kr.

Ný fjárfesting / lántaka sem hlutfall af skuldum



2.2. Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2021 nema samtals 251 millj. kr. Heildar fjárfesting næstu 4 ára nema rúmulega 960 milljónum króna.



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Fjárfestingaryfirlit						
Fjárfesting		Árið 2021	Árið 2022	Árið 2023	Árið 2024	Samtals
A hluti						
Eignasjóður		138.199	191.000	204.000	218.200	751.399
Ofanflóðavamir, varmargarðar		45.000	45.000	0	0	90.000
Aðalstræti 1 Vatnseyrabúð framkvæmdir		11.000	11.000	11.000	0	33.000
Patreksskóli		6.900	0	0	0	6.900
Tjamarbraut 8		1.600	0	0	0	1.600
Búnaður fyrir slökkvilið		2.000	0	2.000	2.000	6.000
Göngubrú		1.200	0	0	1.200	2.400
Bildudalsskóli		3.800	0	0	0	3.800
Araklettur		3.700	0	0	0	3.700
Tjamarbrekka		1.000	0	0	0	1.000
Íþróttavellir		5.050	0	0	0	5.050
Byta, salemishús		3.500	0	0	0	3.500
Bæjarskrifstofur		800	0	0	0	800
Dórsgata 7		1.000	0	0	0	1.000
Slökkvibifreiðar og tæki		1.000	22.000	20.000	0	43.000
Götur		42.308	40.000	30.000	20.000	92.308
Ljósleiðar		5.000	5.000	3.000	0	5.000
Tjaldsvæðið Patreksfirði		417	0	0	0	417
Skipulag óbyggðra svæða		2.924	5.000	0	0	7.924
Aðrar eignir í eignarsjóði		0	15.000	15.000	15.000	45.000
Tjaldsvæðið á Bildudal		0	1.000	10.000	0	11.000
Ráðhús, bætt aðgengi fyrir fatlaða		0	7.000	3.000	0	10.000
Sund/vaðlaug á Bildudal		0	1.000	50.000	0	51.000
Skólahúsnaði á Bildudal		0	1.000	0	80.000	81.000
Innvíðaupbygging á atvinnusvæðum		0	18.000	0	0	18.000
Eignasjóður - Innviðaupbygging á íbúðahúasvæðum - Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur		0	20.000	0	0	20.000
Húsnaði eldri borgarar Pat.		0	0	40.000	0	40.000
Eignasjóður - Innviðaupbygging á íbúðahúasvæðum - Fasteignir og löðir		0	0	20.000	20.000	40.000
Þjónustuibúðir fyrir aldraða		0	0	0	80.000	80.000
A hluti samtals		138.199	191.000	204.000	218.200	751.399
B hluti						
Hafnarsjóður		97.521	36.194	10.919	2.245	146.879
Patrekshöfn		34.750	0	0	2.245	36.995
Bildudalshöfn		57.246	0	0	0	57.246
Brijánslækkjarhöfn		5.525	6.194	10.919	0	22.638
Niðurrif straumnes og úthl. Lóðar		0	30.000	0	0	30.000
Fráveita		3.500	3.500	3.500	3.500	14.000
Fráveita Patreksfjárðar		2.500	2.500	2.500	2.500	10.000
Fráveita Bildudal		1.000	1.000	1.000	1.000	4.000
Vatnsveita		12.300	12.300	12.300	12.300	49.200
Patreksveita		5.000	7.300	7.300	7.300	26.900
Bildudalsveit		7.300	0	0	0	7.300
Bildudalsveita		0	5.000	5.000	5.000	15.000
B hluti samtals		113.321	51.994	26.719	18.045	210.079
Samantekið - A og B hluti		251.520	242.994	230.719	236.245	961.478

Árin 2022 – 2024 sýna stefnumörkun bæjarstjórnar Vesturbyggðar um fyrirhugaðar fjárfestingar en fela ekki í sér ákvörðun.



2.3. Lykiltölur fyrir 2021 – 2024

Hér að neðan eru tilgreindar afkomutölur og reiknaðar stærðir í fjárhagsáætlun Vesturbyggðar fyrir árin 2019 – 2024.

Lykiltölur	Rauntölur	Utkomuspá	Aætluun	Aætluun	Aætluun	Aætluun
	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Breyting tekna milli ára.....		0,5%	0,0%	4,3%	6,6%	6,5%
Breyting gjálda milli ára.....		0,5%	1,2%	0,7%	4,4%	4,3%
Ibuþjöldi 31. desember.....	1.020	1.060	1.080	1.100	1.120	1.140
Rekstrarleikjur, þar af.....	1.546.022	1.554.234	1.554.548	1.621.854	1.729.707	1.842.207
Útsvar.....	595.517	601.895	615.407	654.615	694.451	734.108
Fasteignaskattur.....	87.247	92.141	96.162	99.470	102.926	106.499
Framlög Jófunarsjóðs.....	371.892	338.066	317.102	348.812	373.229	399.355
Adrar tekjur.....	515.535	767.304	550.539	543.620	583.763	626.907
Rekstrargjöld.....	1.374.970	1.377.272	1.393.174	1.404.092	1.459.952	1.518.684
Laun og launatengd gjöld.....	803.956	807.598	845.123	869.456	905.104	943.118
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	10.175	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
Annar rekstrarkostnaður.....	560.840	554.675	533.051	519.636	539.848	560.565
Framlegð (EBITDA).....	171.051	176.962	161.374	217.762	269.755	323.523
Afskriftir.....	75.460	80.371	81.259	80.524	89.778	97.343
EBIT.....	95.592	96.591	80.115	137.238	179.977	226.161
Velutufe frá rekstri.....	138.002	79.388	40.189	168.806	216.378	271.983
Handbært fe frá rekstri.....	120.842	73.471	34.272	162.889	210.461	266.066
Aforganir.....	150.823	214.336	179.131	169.157	173.078	176.354
Fjárfestingar.....	97.027	169.799	251.520	242.994	230.719	236.245
Vaxtagreiðslur.....	44.281	56.654	59.561	64.794	68.714	66.609
Flárbörflársins (Framlegð - vextir, aforganir og fjárfestingar).....	(121.079)	(263.826)	(328.937)	(259.182)	(202.756)	(155.665)

Skuldahlutfall


Við útreikning skuldahlutfallsins er tekið tillit til allra skulda og skuldbindinga, þar á meðal langtímaskulda, skuldbindinga vegna leigu- og rekstrarsamninga, lífeyrisskuldbindinga og skammtímaskulda. Skuldahlutfall A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er 171,9% en var skv. fjárhagsáætlun 2020, samtals 120%. Sveitarfélagið er nú þegar bundið í kostnaðarsönum og stórum fjárfestingaverkefnum sem lengi hefur verið beðið eftir, má þar nefna ofanflóðaframkvæmdir á Patreksfirði og framkvæmdir við Bíldudalshöfn. Gert er þó ráð fyrir að á tímabilinu muni skuldahlutfallið lækka og dregið verði úr nýjum lántökum á árinu 2022.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið reiknast út frá skuldahlutfalli að teknu tilliti til útreikninga skv. 14. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012, með síðari breytingum. Skuldaviðmið A- og B-hluta samstæðu Vesturbyggðar er áætlað 117,8% en var skv. fjárhagsáætlun 2020, samtals 95%. Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.



Skuldahlutfall og skuldaviðmið



3. Fjölskyldusvið

Með breytingu á skipuriti Vesturbyggðar 1. maí 2019 tók til starfa Fjölskyldusvið. Sviðið fer með málefni félagsþjónustu, barnaverndar, grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, æskulýðs- og íþróttamál og fl. Á sviðinu er veitt ráðgjöf og aðstoð sem lítur að velferð íbúa í Vesturbyggð, s.s. vegna málefna aldraðra, fatlaðs fólks, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, húsnæðismál, málefni er varða börn og unglings, félagslega ráðgjöf, jafnréttismál, innflyttjendamál, barnavernd, málefni erlendra íbúa og fl. Vesturbyggð rekur byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks ásamt öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum.

3.1. Félagsþjónusta

Hlutverk félagsþjónustu Vesturbyggðar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa í sveitarféluginu á grundvelli samhjálpar sbr. ákvæði laga um félagsþjónustusveitarfélaga nr. 40/1991. Leitast skal við að tryggja íbúum í Vesturbyggð félagslegt öryggi með heildstæðri félagslegri þjónustu. Með skipulagðri félagsþjónustu er lögð áhersla á að réttur íbúa sé ljós og einstaklingum ekki mismunað. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sinnir verkefnum félagsmálastjóra Vesturbyggðar.

Í fjárhagsáætlun 2021 verður lögð áhersla á aukna þjónustu við barnafjölskyldur á Barðaströnd, þar sem unguð børnum hefur fjölgað mikið. Auglýst verður eftir sjáfstætt starfandi dagforeldri á Barðaströnd skv. reglum um niðurgreiðslur til dagforeldra. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið veiti sérstakan styrk til dagforeldri og þá verður í boði að nýta húsnæði og aðstöðu í Birkimelsskóla. Með þessu verður aukin verulega þjónusta við forráðamenn barna á Barðaströnd, sem þurfa þá ekki að aka unguð børnum sínum daglega yfir fjallveg að vetri til í leikskóla á Patreksfirði. Þjónustan verður í boði fyrir börn á aldrinum 1-4 ára. Þá verður á árinu 2021 unnið að nánari útfærslu á reglum um skólaakstur m.a. vegna fjölgunar barna á Barðaströnd.



Útgjöld til félagsþjónustu að frádegnum tekjum eru áætluð 64 millj. kr. á næsta ári miðað við 59 millj. kr. árið 2020.

3.2. Barnavernd

Starfsmenn Fjölskyldusviðs, í umboði Velferðarráðs, bera ábyrgð á málefnum barnavernda skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Auk þess er á fjölskyldusviði sinnt umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar, vistforeldrar, stuðningsfjölskyldur eða umsóknir um leyfi til ættleiðinga barna.

3.3. Þjónusta við aldraða

Markmið þjónustu við aldraða er að aldraðir geti eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf og þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem henti þörfum hvers og eins. Eftifarandi þjónusta er veitt á Fjölskyldusviði Vesturbyggðar:

- Félagsleg heimaþjónusta
- Heimsendur matur í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði
- Félagsstarf aldraðra á Barðaströnd, Patreksfirði og Bíldudal

Þjónusta við aldraða hefur verið minni í ár en síðustu ár vegna kórónuveirufaraldurisins, m.a. til að verja aldraða sem teljast til áhættuhóps vegna faraldursins. Félagsstarf í Laufinu, Barðaströnd og Eyraseli, Patreksfirði lá niðri í vor og ekki hefur tekist að hefja félagsstarf á Bíldudal að nýju, en auglýst hefur verið eftir starfsmanni til starfsins sem mun fara fram í Muggsstofu. Þá hefur sveitarfélagið komið að vinnu með samráðshópi á vegum heilbrigðisráðuneytisins um endurnýjun hjúkrunarrýma við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði og eru þar til skoðunar viðbótarrými á vegum sveitarfélagsins, m.a. fyrir félagsstarf aldraðra og dagvistun á Patreksfirði sem og möguleg bygging þjónustuþúða. Áætlað er að fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar á árinu 2021. Þá er gert ráð fyrir að öldrunarráð taki til starfa á árinu 2021 og komi að frekari móturn áhersla í málefnum aldraðra í Vesturbyggð.

Þjónusta við fatlað fólk og byggðasamlag

Markmið þjónustu við fatlað fólk er að það eigi kost á sem bestri þjónustu á hverjum tíma, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan er veitt í gegnum byggðasamlag Vestfjarða í málefnum fatlaðs fólks.

4. Fræðslumál

Undir fræðslumál í Vesturbyggð falla málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskólans. Á árinu 2020 tóku til starfa þrír nýjir skólastjórnendur við skólana í Vesturbyggð.

Tveir leikskólar eru reknir í Vesturbyggð, Tjarnarbrekka á Bíldudal og Araklettur á Patreksfirði, þá er elsti árgangur leikskólabarna í leikskóladeildinni Klif í Patreksskóla. Leikskólabörn árið 2021 verða samtals 65 talsins.



Tveir grunnskólar eru reknir í Vesturbyggð, Bíldudalsskóli og Patreksskóli og þar er boðið upp á frístund. Samtals er áætlað að grunnskólabörn í Vesturbyggð verði samtals 120 á árinu 2021

Tónlistarskóli Vesturbyggðar þjónar öllum íbúum í Vesturbyggð og erum um 55 nemendur sem stunda nám við skólann.

Farið var í úttekt á rekstri leik- og grunnskóla Vesturbyggðar í upphafi ársins 2020 og var Miðstöð skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri ráðinn til verksins. Nokkrar tafir urðu á afhendingu og kynningu á skýrslunni en vonir standa til að skýrslan muni liggja fyrir, fyrir árslok 2020 og komi að gagni við frekari hagræðingu í rekstri leik- og grunnskóla í Vesturbyggð á árinu 2021.

Bæjarráð samþykkti á 902. fundi sínum 25. ágúst 2020 að bæta við máltíðum á föstudögum fyrir börn í 1. og 4. bekk í grunnskólum í Vesturbyggð og hefur það gefist vel. Í fjárhagsáætlun 2021 er því gert ráð fyrir aukinni þjónustu við barnafjölskyldur í Vesturbyggð, þar sem öllum nemendum í grunnskólum í Vesturbyggð býðst að fá máltíð í hádeginu 5 daga vikunnar í stað 4 daga vikunnar eins og verið hefur.

4.1. Leikskólar í Vesturbyggð


Framlög til leiksskóla verða 146 millj. kr. en voru áætluð 136 millj. kr. í fjárhagsáætlun 2020. Áframhaldandi er rekstur leikskóladeildar undir Patreksskóla sem tók til starfa 2019 en mikil ánægja hefur verið með fyrrkomulagið meðal foreldra og nemenda. Áframhaldandi fjölgun barna er á leikskólanum Arakletti og eru börnin 48 talsins nú í vetur. Áfram verður við það miðað að börn komist inn á leikskóla í Vesturbyggð við 14 mánaða aldur. Þá verður á árinu 2021 horft til mögulegra breytinga með lengingu fæðingarorlofsins og móttöku leikskólabarna við 12 mánaða aldur. Leikskólagjöld hækka um 2,5% í samræmi við aðrar gjaldskrárhækkanir hjá sveitarféluginu.

4.2. Grunnskólar í Vesturbyggð

Framlög til grunnskóla Vesturbyggðar verða 311 millj. kr. í stað 310 millj. kr. á árinu 2020. Grunnskólaframlag Jöfnunarsjóðs hefur dregist verulega saman en framlagið hefur lækkað um 41% síðan 2018 á meðan kostnaður við rekstur grunnskóla hefur hækkað um um 13% á sama tímabili.



Próun framlaga til rekstur grunnskóla



	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Grunnskólaframlag	93.100	101.523	111.994	150.446	127.466	99.174	88.385
Kostnaður við rekstur Grunnskóla*	233.479	258.563	278.911	300.420	317.821	323.867**	

*Ekki er hér tekið tillit til annars kostnaðar s.s. við mötuneyti, skólaakstur o.fl.

** uppreiknað miðað við tólf mánaða tímabil

4.3. Tónlistarskóli Vesturbyggðar

Fjárhágsáætlunin gerir ráð fyrir að framlög til tónlistarskólans í Vesturbyggð verði 35,6 millj. kr. á árinu 2021 og hækkar framlagið milli ára, en í áætlun 2020 var gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 22 millj. kr. Gjöld vegna tónlistarnáms hækka um 2,5% en gjöld vegna tónlistarnáms í Vesturbyggð eru mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Aukin aðsókn hefur verið í nám við tónlistarskólann. Nýr tónlistarskólastjóri tók til starfa á árinu ásamt nýjum stundakennurum. Skólinn getur því boðið upp á mjög fjölbreytt nám, píanó, gítar, rafmagnsgítar, bassa, ukulele, fiðlu, flautu, klarinett, saxófon, trompet og básúnu. Þá sinnir tónlistarskólinn einnig forskólakennslu í leikskóladeild Patreksskóla og 1. bekk grunnskólanna.

5. Æskulýðs- og íþróttamál

Framlög til æskulýðs- og íþróttamála er annar stærsti málaflokkur sveitarfélagsins en heildarútgjöld málaflokksins fyrir árið 2021 munu nema 133 millj. kr. Undir málaflokin fellur rekstur íþróttamiðstöðva, sundlauga, félagsmiðstöðva, vinnuskóli og stuðningur við íþróttafélög í Vesturbyggð.



5.1. Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar í Vesturbyggð eru tvær, Dímon á Bíldudal og Vest-End á Patreksfirði. Félagsmiðstöðvarnar starfa 9 mánuði ársins, frá september til maí. Starfsemi félagsmiðstöðvanna hefur að hluta verið skert vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins á árinu 2020. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur yfirumsjón með félagmiðstöðvum í Vesturbyggð sem og hjá Tálknafjarðahreppi. Þó nokkrar framkvæmdir hafa staðið yfir að bæta aðstöðu í Dímon á Bíldudal og er gert ráð fyrir að þeim framkvæmdum ljúki 2021. Þá hefur verið unnið að því að bæta hljóðvist í Vest-End á Patreksfirði og verður uppsetning búnaðar lokið á árinu 2020. Einnig verður lokið við framkvæmdir við að bæta neyðarútganga.

5.2. Íþróttamannvirki

Vesturbyggð rekur tvö íþróttahús, Byltu á Bíldudal og Bröttuhlíð á Patreksfirði. Þónokkrar framkvæmdir hafa staðið yfir í húsunum tveimur á árinu 2020 en þeim hefur verið lokað nokkrum sinnum á árinu vegna samkomutakmarkana vegna kórónuveirufaraldursins. Þjónustutekjur drögust því verulega saman á árinu 2020 vegna þeirra samkomutakmarka sem faraldurinn hefur haft í för með sér. Á meðan lokunum hefur staðið hefur verið ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir.

Í Bröttuhlíð hefur verið unnið að því að koma upp ókyngreindum búningsklefa, sem einnig mun nýtast fyrir þá sem þurfa að hafa með sér aðstoðarmenn m.a. vegna hreyfihömlunar. Á árinu 2021 verður því betri aðstaða í boði fyrir þann fjölbreytta hóp sem nýtir sér þjónustu í Bröttuhlíð. Framlag verður veitt til kaupa og uppsetningar á aðgangstýringakerfi fyrir þreksal í Bröttuhlíð, sem mun auka þjónustu og veita íbúum aukinn sveigjanleika til að stunda hreyfingu á þeim tíma sem hentar best hverjum og einum.

Í tengslum við vinnu við gerð aðalskipulags Vesturbyggðar til ársins 2030 var afmarkað svæði fyrir sundlaug eða vaðlaug á Bíldudal. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir frekari hönnun og mati á mögulegum kostnaði við slíka uppbyggingu, en skv. fjárfestingáætlun er gert ráð fyrir að ráðist verði í mögulegar framkvæmdir á árinu 2023. Á árinu 2021 verður ráðist í nokkur viðhaldsverkefni við Byltu og breytingar verða gerðar á opnunartíma, þegar aðgangstýringakerfi fyrir þreksal verður tekið í notkun. Mun það auka þjónustu og veita íbúum aukinn sveigjanleika til að stunda hreyfingu á þeim tíma sem hentar best hverjum og einum.

Almenn hækkan á gjaldskrá íþróttamiðstöðva er 2,5% og eru íbúar hvattir til að nýta sé þann kost að kaupa tímakort eða árskort sem í boði eru á hagstæðu verði.

Vesturbyggð rekur two íþróttavelli, Völuvöll í Bíldudal og Vatneyrarvöll á Patreksfirði. Á árinu 2020 var unnið í að klæða stöðvarhús á Völuvelli og verður því lokið á árinu 2021. Á árinu 2021 verður ráðist í ýmis viðhaldsverkefni.



5.3. Styrkir og framlög til íþróttamála

Vesturbyggð rekur íþróttaskóla í samstarfi við tálknafjarðahrepp og HHF og nema framlög Vesturbyggðar til skólans samtals 2 millj. kr. Þá sér íþróttá- og æskulýðsfulltrúi um starfsemi íþróttaskólans sem og heldur utan um verkefni sem snúa að félagsmiðstöðvum og almenningssamgöngum í samstarfi sveitarfélganna tveggja.

6. Menningar- og safnamál

Fjárhagsáætlunin 2021 gerir ráð fyrir að heildarútgjöld vegna menningarmála verði 54,8 millj. kr. Menningarmálin eru dreifð eftir einstaka málaflokkum undir fjölskyldusvið, fjármála- og stjórnsýslusvið og umhverfis- og framkvæmdasvið.

6.1. Bókasöfn í Vesturbyggð

Framlög til bókasafna á Patreksfirði og Bíldudal verða 11,4 millj. kr. Á árinu 2020 hafa staðið yfir ýmsar breytingar á starfsemi bókasafnsins á Bíldudal, en það var flutt úr þáverandi húsnæði og í Muggsstofu við Strandgötu á Bíldudal. Starfsemi bókasafnanna hefur verið takmörkuð á árinu 2020 vegna kórónuveirufaraldursins. Bókasöfnin eru rekin undir einum forstöðumanni sem heldur utan um öll innkaup á bókakosti fyrir bókasöfnin. Þannig hefur verið unnið að því að auka þjónustu bókasafnsins við íbúa á Barðaströnd sem geta pantað og nálgast bækur í Birkimel. Forstöðumaður Muggsstofu á Bíldudal mun sjá um útlán bóka á Bíldudal og um viðburði bókasafnsins í Muggsstofu, í samráði við forstöðumann bókasafnanna.

6.2. Skjaldborgarbíó

Skjaldborgarbíó er mikilvægur þáttur í menningarlífi Vesturbyggðar og er ástæða til að þakka Lionsmönnum á Patreksfirði fyrir þá miklu og góðu vinnu sem þeir hafa lagt til starfsemi bíosins á árinu. Starfsemi Skjaldborgarbíós hefur verið verulega skert á árinu 2020 vegna samkomutakmarkana og var Skjaldborgarhátiðinni 2020 aflyst. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021 eru veitt 360 þús.kr. til viðhalds hússins.

6.3. Félagsheimili í Vesturbyggð

Vesturbyggð rekur þrjú félagsheimili, félagsheimili Patreksfjarðar, Baldurshaga og Birkimel. Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldsverkefnum. Málefni félagsheimila í Vesturbyggð heyra undir umhverfis- og framkvæmdasvið. Rekstrarkostnaður þessara mikilvægu menningabygginga er mjög hár, enda um að ræða stórar byggingingar sem komnar eru til ára sinna. Tekjur hafa því miður ekki náð að standa undir rekstri þeirra síðustu ár. Félagsheimilin gegna mikilvægu hlutverki í menningarstarfi og félagsstarfsemi innan sveitarfélagsins. Það er því mikilvægt að unnt sé að reka félagsheimilin með þeim hætti að tekjur af þeim standi undir rekstrarkostnaði þeirra. Gjaldskrá félagsheimilanna hækka um 2,5%.



6.4. Vatneyrarbúð á Pateksfirði

Á árinu 2020 hófust framkvæmdir við Aðalstræti 1, á Pateksfirði sem almennt er nefnd Vatneyrarbúð. Nokkrar tafir urðu á framkvæmdum við húsið á árinu 2020, þar sem ekki fengust iðnaðarmenn til verkefnisins fyrr en síðla árs og hófust framkvæmdir í október og er gert ráð fyrir að hluti þess framlags sem lagt var til framkvæmdanna 2020 færist yfir á árið 2021. Á árinu 2021 er lögð áhersla á að ljúka framkvæmdum innandyra og koma aftur upp innréttингum hússins sem hafa verið í geymslu um árabil. Þá verður munum sem tilheyra húsinu komið upp í áföngum. Fyrirhugað er að starfsemi hefjist í húsinu í nokkrum áföngum og einhver starfsemi geti hafist síðla árs 2021. Í húsinu verður safnnumun hússins gerð skil, en sótt verður um styrk til að ljúka skráningu og flokkun muna úr húsinu ásamt uppsetningu þeirra. Í húsinu verður starfsemi samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvar og þar mun stofnunum og aðilum sem standa að Próunarsetrinu Skor bjóðast aðstaða. Lögð verður áhersla á að þar verði aðstaða til sköpunar og frumkvöðlastarfs sem og aðstaða vegna starfa án staðsetningar, aðstaða fyrir frumkvöðla vegna nýsköpunarverkefna og fyrir nemendur í rannsóknarverkefnum eða í fjarnámi á háskólastigi. Þannig verði þetta sögufræga hús í Vesturbyggð gætt lífi á nýjan leik.

6.5. Muggsstofa á Bíldudal

Á árinu 2020 var unnið að undirbúningi fyrir opnum Muggsstofu á Bíldudal í samstarfi við áhugamannafélag um Skrímslasetur á Bíldudal. Muggsstofa er samfélags- og nýsköpunarmiðstöð staðsett á Bíldudal, þar sem veitt verður fjölbreytt þjónusta og aðstaða til sköpunar og frumkvöðlastarfs. Þar verður opinber þjónusta aðgengilegri, samskipti milli stofnana og íbúa skilvirkari og stuðlað verður að eflingu menningar- og félagsstarfs sem og auka þekkingu og styrkja ímynd Bíldudals. Í miðstöðinni fer fram starfsemi bókasafnsins og félagsstarf aldraðra, en lögð er rík áhersla á að efla félagstarf aldraðra, með fjölgun viðburða, námskeiða og fl. Auglýst hefur verið eftir forstöðumannni Muggstofu en forstöðumaðurinn mun einnig gegna starfi menningar- og ferðamálafulltrúa Vesturbyggðar. Menningar- og ferðamálafulltrúi hefur m.a. komið að undirbúningi og aðstoð fyrir Kvikmyndahátiðina Skjaldborg, Sjómannadaginn á Patreksfirði, Bíldudals grænar, Patreksdaginn og fleira. Á árinu 2020 hefur verið í vinnslu stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturbyggð og er það verkefni unnið í samstarfi við Vestfjarðastofu og áætlað er að afrakstur þeirrar stefnumótunar verði kynntur á árinu 2021.

6.6. Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti

Veitt er framlag til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti, sem Vesturbyggð rekur ásamt Tálknafjarðahrepp. Á árinu 2020 kynnti safnið nýtt merki safnsins. Hefðbundin dagskrá og opnunartími safnsins tók mið af samkomutakmörkunum á árinu 2020. Framlög til safnsins nema samtals 11,3 millj. kr. á árinu 2021.

6.7. Styrkir og framlög

Breytt fyrirkomulag var við styrkveitingar til menningar- og ferðamála í Vesturbyggð þar sem menningar- og ferðamálaráð hefur auglýst eftir umsóknum um styrki á heimasíðu Vesturbyggðar nú



fjórum sinnum. Tilgangur styrkjanna er að efla menningar- og ferðamál innan Vesturbyggðar og einnig ná betur utan um þá styrki sem sveitarfélagið er að veita til þessa málaflokks á ári hverju. Á árinu 2021 verður menningar- og ferðamálaráði veittar 2 millj. kr. til úthlutunar skv. úthlutunarreglum ráðsins.

Þá var unnið að gerð samstarfssamninga við ýmsa aðila vegna hátíðahalda, s.s. Bíldudalsgrænar baunir, Sjómannadagurinn á Patreksfirði og Skjaldborgarhátið, þar sem gert er ráð fyrir árlegu framlagi Vesturbyggðar til hátíðanna. Þá var metnaðarfull dagskrá unnin fyrir Patreksdag 2020 sem varð að fresta vegna samkomutakmarkana í mars. 17. júní 2020 var haldinn hátíðlegur á Friðþjófstorgi á Patreksfirði, þar sem komu fram nemendur Tónlistarskólans í Vesturbyggð, bæjarstjóri flutti ávarp ásamt fjallkonu og lögreglan stóð heiðursvörð. Kvenfélagið Sif sá um skipulag dagsins í samráði við menninga- og ferðamálafulltrúa.

Á árinu 2020 hætti Vesturbyggð rekstri salerna á Brunnum og tók Umhverfisstofnun við rekstri þeirra í samráði við landeigendur. Ekki var rekstri salerna í Selárdal hætt á árinu 2020, en dregið var heldur úr þjónustu á árinu 2020.

7. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna munu nema 39 millj. kr. á árinu 2021.

7.1. Slökkvilið

Nýr slökkvibíll koma til Patreksfjarðar 5. júní 2020 en nokkrar tafir höfðu orðið á afhendingu hans. Þau tímamót urðu á árinu 2020 á sunnanverðum Vestfjörðum að ný ökutæki voru tekin í notkun hjá lögreglu, sjúkraflutningum og slökkviliði. Vesturbyggð í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Tálknafjarðahrepp vinnur í samráði við Ráðrík ráðgjafafyrirtæki að könnun á fýsileika þess að sameina slökkvilið og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum og er ráðgert að niðurstaða þeirrar könnunar liggi fyrir í lok árs 2020.

Þá er í fjárhagsáætlun 2021 gert ráð fyrir framlagi til undirbúnings vegna kaupa á slökkviliðsbíl á Bíldudal á árinu 2022.

7.2. Almannavarnir

Almannavarnarnefnd tók til starfa á árinu 2019 og hefur fundað nokkrum sinnum. Í byrjun árs 2020 var gengið frá samningi sveitarfélagsins og Íslandshótelum um nýtingu á húsnæði Fosshótelum fyrir fjöldahjálparstöð ef kæmi til rýminga vegna ofanflóðahættu. Framkvæmdum við ofanflóðavarnir við Urðir, Mýrar og Hóla miðar ágætlega áfram en Suðurverk hefur séð um framkvæmd verksins fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins og Vesturbyggðar. Áætlaður kostnaður Vesturbyggðar við framkvæmdina á árinu 2021 eru 45 millj. kr. Í júní 2020 var niðurstaða 2. áfanga frumathugunar á Bíldudal, þvergarður neðan Stekkjargils/Gilsbakkagils og Milligils kynntar fyrir bæjarstjórn Vesturbyggðar og á íbúafundi í Baldurshaga á Bíldudal. Þá er einnig til skoðunar frumathugun vegna þvergarðs fyrir neðan Stekkagil á Patreksfirði.



Á árinu 2021 mun liggja fyrir endurmat á varnarmannvirkjum undir Búðargili á Bíldudal, sem unnið verður veturinn 2020/2021 í kjölfar snjóflóðanna sem félru á Flateyri í upphafi ársins 2020.

Fyrirhuguð var hópslysaæfing á árinu 2020, þar sem æfa átti viðbrögð við rútuslysi. Vegna samkomutakmarkana vegna kórónuveirufaraldursins var æfingunni frestað og stefnt er að því að hún fari fram síðla sumars 2021, ef aðstæður leyfa.

8. Umhverfis- og framkvæmdasvið

Meginverkefni umhverfis- og framkvæmdasviðs er yfirumsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum á vegum sveitarfélagsins, rekstur og viðhald veitukerfa, umhverfis- og hreinlætismál sem og umsjón með eignasjóði, þ.m.t. eignum í eigu Fasteigna Vesturbyggðar. Einnig heyrir undir sviðið umsjón vegna dýrahalds innan sveitarfélagsins sem og meindýravarnir. Þá heyra þjónustumiðstöðvar/áhaldahús og málefni félagsheimila Vesturbyggðar undir sviðið.

8.1. Landbúnaðarmál, fjallskil o.fl.

Í mars 2020 hélt fjallskilanefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps fund með sauðfjárbendum á sunnanverðum Vestfjörðum. Hélt Ólafur Dýrmundsson, doktor í búvísindum þar erindi og fóru svo fram umræður um framkvæmd fjallskila í sveitarfélögunum tveimur. Meðal þess sem þar var rætt var fjallskilaseðillinn, framkvæmd fjallskila, hreinsun stórra eyðisvæða og fleira. Þá var á árinu 2020 lagt á öll lönd í Vesturbyggð 2% af landverði allra jarða í samræmi við ákvæði laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl. og námu tekjur í fjallskilasjóð samtals 800.000 kr. Kostnaður við fjallskil hefur aukist nokkuð síðstu ár enda hefur bændum fækkað og lönd sveitarfélagsins víðáttumikil og mörg hver erfið yfirferðar og aukinn kostnaður fallið á sveitarfélögin vegna hreinsun landa.

8.2. Refa- og minkaeyðing

Á árinu 2020 var endurnýjaður samningur Vesturbyggðar við Umhverfisstofnun um refaveiðar. Markmið samningsins er að hafa yfirsýn yfir þær aðgerðir sem þarf til að stemma stigu við fjölgun refa og draga úr tjóni af þeirra völdum, sem og skapa fyrirsjáanleika varðandi endurgreiðslur ríkissjóðs vegna refaveiða innan Vesturbyggðar. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Auglýst var eftir aðilum til grenjaleitar og grenjavinnslu í Vesturbyggð og var gengið frá samningum við 8 aðila. Áætlaður heildarkostnaður vegna refa- og minkaveiði er 2,4 millj. kr. á ári. Þá hefur Vesturbyggð gert samninga við aðila um minkagildrur sem og eyðingu minks í sveitarfélginu. Heildarútgjöld vegna refa- og minkaeyðingar nema samtals 3,2 millj. kr. á árinu 2021.

8.3. Heilbrigðis- og dýraeftirlit

Innan málaflokks heilbrigðismála er heilbrigðiseftirlit vegna eftirlits og sýnatöku á vegum Heilbrigðisnefnda Vestfjarða. Þá er innan málaflokksins dýraeftirlit, þ.e. hunda- og kattahald í Vesturbyggð. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá fyrir skáningu katta- og hunda sem og gjald vegna föngunar þeirra hækki í samræmi við almennar gjaldskrárhækkanir og hækka um 2,5% milli ára.



8.4. Umhverfismál

